

## 9. aðalfundar Leiknar á Icelandair Hótel Hamar í Borgarfirði, þriðjudaginn 21. maí 2013, kl. 13:30-15:30

Til aðalfundar var boðað með tölvupósti þann 3. maí 2013 og minnt á fundinn með tölvupósti þann 17. maí 2013. Á ársfundinum voru fulltrúar frá 13 stofnaðilum. Iðunn Antonsdóttir bauð fundargesti velkomna og setti fund kl. 13:40. Iðunn lagði til að Ásmundur Sverrir Pálsson yrði fundarstjóra og Guðrúnu Lárusdóttur yrði fundarritara, var það samþykkt með lófaklappi.

**Mættir voru aðilar frá:** Fræðsluneti Suðurlands (Ásmundur Sverrir Pálsson), Símeý (Hildur Bettý Kristjánsdóttir, Valgeir Blöndal Magnússon og Erla Björg Guðmundsdóttir), Þekkingarneti Þingeyinga (Óli Halldórsson), Iðunni fræðslusetri (Hildur Elín Vignir), Fræðslumiðstöð Vestfjarða (Smári Haraldsson), Símenntunarmiðstöð Vesturlands (Inga Dóra Halldórsdóttir), Miðstöð Símenntunar á Suðurnesjum (Anna Lóa Ólafsdóttir og Guðjónína Sæmundsdóttir), Mímír Símenntun (Hulda Ólafsdóttir), Farskólinn - miðstöð símenntunar á Norðurlandi vestra (Bryndís Kristín Þráinsdóttir), Endurmenntun Lbhí (Guðrún Lárusdóttir), Námsflokkar Reykjavíkur (Iðunn Antonsdóttir) og Austurbrú (Bergþóra Hlín Arnórsdóttir). Fulltrúi frá Visku - Fræðslu- og símenntunarmiðstöð Vestmannaeyjar (Valgerður Guðjónsdóttir) mætti kl. 14:40 á fundinn. Í allt 16 einstaklingar.

Þá tók Ásmundur við og kynnti dagskrá aðalfundar og gengið var til dagskrár.

Dagskrá aðalfundar:

1. Skýrsla stjórnar
2. Endurskoðaðir reikningar félagsins
3. Umræður um skýrslu stjórnar og reikninga
4. Fjárhags- og rekstraráætlun og ákvörðun um árgjald
5. Kosning formanns og stjórnar
6. Kosning skoðunarmanna reikninga
7. Önnur mál

**1. Skýrsla stjórnar.** Iðunn Antonsdóttir (IA) fór yfir skýrslu stjórnar og kynnti.

Áttundi aðalfundur Leiknar var haldinn 18. apríl 2012. Á fundinum var Iðunn Antonsdóttir frá Námsflokkum Reykjavíkur kjörinn formaður. Aðrir í stjórn voru kjörnir: Emil Björnsson Þekkingarnet Austurlands, Eyrún Björk Valsdóttir Félagsmálaskóli alþýðu, Hildur Bettý Kristjánsdóttir Símeý, Hulda Arnljótsdóttir Starfsmennt og Guðrún Lárusdóttir LBHÍ. Varafulltrúar voru kjörnir Anna Lóa Ólafsdóttir MSS og Sólveig Lilja Snæbjörnsdóttir Framvegis. Skoðunarmenn reikninga voru kjörnir Smári Haraldsson Fræðslumiðstöð Vestfjarða og Kristín Jónsdóttir Kvöldskóla Kópavogs.

Á fyrsta fundi nýrrar stjórnar kom í ljós að ofaukið var um einn í stjórn Leiknar. Emil Björnsson ákvað að víkja úr stjórn og voru honum þakkir færðar fyrir vel unnin störf. Á öðrum fundi Leiknar urði enn frekari breytingar þegar Sólveig Lilja Snæbjörnsdóttir fór úr stjórn vegna breytinga á starfsveggvangi.

Stjórn leiknar hélt 5 bókaða fundi og einn símafund á starfsárinu 2012-2013..

Stjórn skipti með sér verkum á fyrsta fundi þar sem Hulda Antonsdóttir var valin varaformaður, Eyrún Valsdóttir ritari og Hildur Bettý Kristjánsdóttir gjaldkeri.

Starfssemi Leiknar starfsárið 2012-2013:

- a) Vinna að stefnumótun Leiknar. Sett var upp áætlun í framhaldi af stefnumótunarvinnu á aðalfundi Leiknar í apríl 2012. Helstu niðurstöður voru að: ráða starfsmann í 10% stöðu, endurskoða og efla heimasíðu Leiknar og að koma á samræðu milli félagsmanna Leiknar.
  - i) Ráðningu starfsmanns var frestað um óákveðinn tíma.

- ii) Tveir stjórnarmenn Leiknar tóku að sér að vinna ákveðna grunnvinnu varðandi heimasíðu Leiknar. Uppfæra hana og gera hana aðgengilegri.
- iii) Til að koma af stað samræðu félagsmanna var farið af stað með stutt og hnitmiðuð fræðsluerindi. Á vorönn 2013 voru haldi þrjú erindi sem mæltust vel fyrir. Mun því verða framhald á þeirri vinnu.
- b) Fundir innanlands. Stjórnarmenn Leiknar hafa átt fundi með starfsmönnum mennta- og menningarmálaráðuneytis, m.a. til að kynna starfssemi Leiknar fyrir ráðuneytisfólki.
- c) Erlent samstarf. Leikn á aðild af norrænum/baltneskum samtökum fullorðinsfræðsluaðila. Tveir stjórnarmenn Leiknar (Iðunn og Hulda) sóttu fund samtakanna í janúar 2013 í Svíþjóð. Næsti fundur er fyrirhugaður í janúar 2014 á Íslandi. Þá á Leikn fulltrúa í vinnuhópi á vegum NVL en þar mun Hildur Bettý taka þátt í vinnu sem snýr að þekkingu og færni sem fólk hefur tileinkað sér í gegnum alþýðufræðslu.

## 2. Endurskoðaðir reikningar félagsins.

Hildur Bettý fór yfir endurskoðaða reikninga og áætlun sem fer inn á heimasíðu Leiknar í lok fundar. Skoðunarmenn ársreikninga, Smári Haraldsson og Valgeir Blöndal Magnússon, höfðu þá þegar farið yfir ársreikninginn.

Gert var ráð fyrir rekstrartapi á árinu sem gekk eftir og kemur starfssemi Leiknar út í hagnaði. Inn í reikninginn eru færðar inn auka tekjur þar sem þau mistöku urðu árinu áður að nokkrir reikningar voru tvígreiddir en er nú full bakfærsla komin inn og málið leyst.

Félagsgjöld hafa öll verið greidd utan eitt, en heimilisfang viðtakanda hafði ekki verið rétt og því er reikningurinn bara nýkominn í hendur viðtakanda.

Erla. Gert ráð fyrir 150.000kr hækkun á norrænu samstarfi á þessu ári en það skrifast á að fundurinn er nú þegar búinn fyrir árið 2013, en hann var haldinn í Svíþjóð. Þessi kostnaður mun hinsvegar vera lægri fyrir árið 2014, þar sem að fundurinn verður þá á Íslandi.

## 3. Umræður um skýrslu stjórnar og reikninga

- Bryndís Kristín Þráinsdóttir spurði út í norræna samstarfið, hver væri tilgangurinn og hvaða ávinningur kæmi.

Iðunn svaraði spurningu um norræna og baltneska samstarfið. Leikn á í samstarf þar sem að allir þessir aðilar eiga sæti (Ísland, Noregur, Danmörk, Svíþjóð, Finnland, Lettland, Eistland og Litháen). Hingað til hefur annar fundurinn á ári hverju verið fyrir alla, en baltneskulöndin hafa komið inn á hinn fundinn. Að taka þátt í þeirri samræðu með þeim sem vinna að málum fullorðinsfræðslu í þessum löndum er ómetanleg. Fundirnir eru byggðir þannig upp að þetta eru tveggja daga fundir þar sem að fyrri daginn skiptast löndin á að koma fram með sína vinnu frá sínum löndum. Seinni daginn funda svo Norrænu löndin sér og baltnesku löndin sér. Í lokin eru síðan kynningaratriði og skoðunarferðir. Þessir fundir eru þó allir með nokkuð sínu sniði. Eðli og innihald, skiptast á skoðunum og vera hluti af þessu samstarfi. Síðasti fundur var í Svíþjóð og fóru Iðunn og Hulda á þann fund og í framhaldinu kynntu þær fundinn í fjarfundi á vegum Leiknar. Markmiðið er að halda því áfram að kynna þetta norræna/baltneska samstarf á fjarfundum.

- Smári Haraldsson þakkaði stjórn fyrir ágætt starf og lýst ánægju með fræðsluerindi sem komin eru inn. Starfsmenn hjá Smára hópuðust saman við einn skjá til að fylgjast með erindunum. Þá vildi hann skerpa á þeirri sýn sem upphaflega var lagt upp með að ná öllum fullorðinsfræðsluaðilum á landinu saman og sinna og efla erlend samskipti.
- Guðjónína Sæmundsdóttir vildi einnig koma fram ánægju sína með fræðsluerindi.
- Hulda Ólafsdóttir áréttaði einnig að fræðsluerindin hefðu mælst vel fyrir og óskaði eftir framhaldi.

- Óli Halldórsson á sama máli með að fræðsluerindin hefðu gefist vel og starfsmenn nýtt þetta saman til að hlusta á. Áréttaði að hlutverk Leiknar sé fræðsluhlutverk og miðlun, en hagsmunagæslan ætti oftast heima hjá þrengri hópum, hverjum fyrir sig.
- Inga Dóra Halldórsdóttir þakkaði stjórninni fyrir vel unnin störf og lýsti yfir ánægju sinni með form á fræðsluerindum. Kallar á aukningu fræðsluerinda.
- Iðunn þakkar góð orð um fjarfundarformið. Þá kom Iðunn inn á þessi hagsmunamál og áréttaði að mikilvægt væri að aðilar t.d. innan ráðuneytis væri vitneskja um Leikn og Kvasir.

Ársskýrsla Leiknar fyrir árið 2012-2013 var dreift á þessum tímapunkti og gefið fundarhlé fyrir fundarmenn til að lesa og kynna sér ársskýrsluna. Í framhaldinu samþykktu fundarmenn að færa afgreiðslu ársskýrslu og ársreiknings undir lið nr. 5 og aðrir liðir færast aftur sem því nemur.

#### 4. Fjárhags- og rekstraráætlun og ákvörðun um árgjald

Hildur Bettý Kristjánsdóttir fór yfir fjárhags- og rekstraráætlun fyrir árið 2013. Áætlun er með svipuðu sniði og verið hefur og er gerð tillaga að sama árgjaldi og verið hefur, eða 50.000kr

- Hulda Ólafsdóttir. Færði rök fyrir því að halda áfram fyrra gjaldi.
- Óli Halldórsson. Finnst allt vera skýrt og gott. Hefur þó þá skoðun að ekki eigi að safna fjármagni í svona félagasamtökum. Leggur því til að lækka árgjaldið í ár.
- Smári Haraldsson gerir tillögu um að félagsgjöldum verði sleppt þetta árið á þeim forsendum að staða Leiknar sé góð fjárhagslega. Síðar dró Smári tillögu sína til baka í ljósi nýrra upplýsinga.
- Inga Dóra Halldórsdóttir tók undir að Leikn væru ekki samtök til að safna peningum. Forsenda þess að sama gjald var samþykkt fyrir ári síðan var að ráða inn starfsmann, sem var síðan ekki gert. Vinnan færðist yfir á nefndarmenn. Inga Dóra leggur til helming gjalds, 25.000kr.
- Hildur Elín Vignir. Tekur undir að ekki sé skynsamlegt að fella niður gjaldið alfarið í eitt ár, en helminga gjaldið. Bendir þó á að þetta þurfi að hanga saman við stefnumótunavinnu.
- Iðunn Antonsdóttir. Gert var ráð fyrir því að ráða inn starfsmann, sem svo ekki var gert. Það var ekki af fjárhagsástæðum, heldur vegna þess að það hentaði ekki að ráða inn starfsmann sem tengdist vinnustað formanns, aðrar leiðir voru einnig flóknar. Þá var ekki nógu formað hvaða starf viðkomandi starfsmaður átti að inna að hendi. Í stefnumótun er þó áfram inni að ráða inn starfsmann, þar vissulega kæmi inn kostnaður í tengslum við þá ráðningu. Þá kom Iðunn inn á fyrirhugaða ráðstefnu sem halda á í janúar 2014 og kostnað sem komi til með að koma í tengslum við hana, þó að sú ráðstefna komi inn á fjárlög fyrir árið 2014.

Samþykkt var með handauppréttingu að lækka árgjaldið úr 50.000kr. í 25.000kr í eitt ár. Enginn á móti.

Samþykkt var fjárhags- og rekstraráætlun fyrir árið 2012 með handauppréttingu. Enginn á móti.

#### 5. Framhald á umræðu um skýrslu stjórnar og reikninga

Ársskýrsla Leiknar 2012-2013 var borin fram til samþykktar með handauppréttingu og var samþykkt samhljóða. Enginn á móti.

Reikningar Leiknar 2012-2013 voru bornir fram til samþykktar með handauppréttingu og voru samþykktir samhljóða.

## 6. Kosning formanns og stjórnar

Var liður númer 5 en er núna liður númer 6.

Hildur Bettý Kristjánsdóttir býður sig fram sem formann Leiknar og var það samþykkt samhljóða.

Allir stjórnarmenn frá fyrra ári bjóða sig áfram til setu og var það samþykkt einróma. Til viðbótar bauð Smári Haraldsson sig fram í varastjórn og var það einnig samþykkt einróma.

### *Ný stjórn:*

Hildur Bettý Kristjánsdóttir Símei

Iðunn Antonsdóttir Námsflokkar Reykjavíkur

Eyrún Björk Valsdóttir Félagsmálaskóli alþýðu

Hulda Arnljótsdóttir Starfsmennt

Guðrún Lárusdóttir Landbúnaðarháskóli Íslands.

### *Varamenn:*

Anna Lóa Ólafsdóttir Miðstöð Símenntunar á Suðurnesjum

Smári Haraldsson Fræðsluneti Vestfjarða

Engar aðrar tillögur komu fram um formanns efni né stjórnarmenn.

## 7. Kosning skoðunarmanna reikninga

Var liður númer 6 en er núna liður númer 7.

Skoðunarmenn reikninga voru kjörnir þau Kristín Jónsdóttir Kvöldskóla Kópavogs og Valgeir Blöndal Magnússon Símei.

## 8. Önnur mál

Var liður númer 7 en er núna liður númer 8.

- a. **Stefnumótunarmál.** Iðunn hóf umræðuna og Anna Lóa tók við með yfirferð á því skjali sem lagt var fram (sjá viðauki 1) á fundinum. Um er að ræða samantekt og úrvinnslu gagna sem komu að loknum stefnumótunarfundi sem haldinn var í apríl 2012 í Reykjavík.
  - a. **Hulda Ólafsdóttir:** Spurði út í fyrirhugaða ráðstefnu í janúar 2014 og spurði út í efnistöð. Iðunn svaraði þeim parti og sagði að leitað yrði eftir hugmyndum hjá samstarfsfélögum á hinum norðurlöndunum og eins félagsmönnum hér. Hver sú yfirskrift verður er ekki komið á hreint, en um Norræna ráðstefnu verður að ræða.
  - b. **Smári Haraldsson:** Vildi leggja aftur áherslu á það að Leikn væru samtök fullorðinsfræðsluaðila þar sem að þessir aðilar hittust og miðluðu upplýsingum sín á milli og væri síðan fulltrúi okkar í erlendum samskiptum. Smári er ekki spenntur fyrir því að Leikn sé mikið út á við, vill halda þessu inn á við. Heimasíða eigi því að vera miðlun okkar á milli, ekki fyrir aðilar úti frá að ná í upplýsingar. Smári vill draga úr vægi þeirrar starfssemi sem snýr út á við. Vill að formaður fái þetta hlutastarfs sem fyrirhugað er og að formaðurinn geti úthlutað því.

- c. **Inga Dóra Halldórsdóttir:** Fjallar um síðasta liðinn þar sem kemur inn á eflingu Leiknar og leggur áherslu á að Leikn þarf að auka kraft sinn í að kynna sig t.a.m. innan ráðuneytisins - en vitanlega þurfi að vanda vel til verka.
- d. **Hulda Ólafsdóttir:** Fjallaði um viðmiðunarrammann og hlutverk Leiknar í þeim parti. Ekki komin endanleg lending í ráðuneytinu hvernig þetta verður gert fyrir fullorðinsfræðslunni. Ekki er komið á hreint hversu mörg þrep eiga að vera fyrir fullorðinsfræðsluna. Hulda er nýkomin frá Írlandi úr vettvangsferð og kynnti stuttlega hvernig Írar gera þetta, en þeir hafa þrepin 10 en ekki 8 eins og Evrópusambandið lagði til. Á Íslandi eru þrepin 7 þar sem að fyrstu stigin tvö eru sett saman. Það má því segja að á Írlandi hafi þar þrjú þrep til skiptanna á meðan á Íslandi eigi það að vera eitt. Hulda lagði á það ríka áherslu að ef við værum ekki sátt við það hvernig þrepin hafa verið sett upp hér á Íslandi þá verðum við að láta í okkur heyra.
- Óli Halldórsson.** Spurði hvort að íslenski ramminn væri lög- eða reglubundinn? Hulda svaraði því þannig að það er farið að vísa í þetta, en telur að enn sé hægt að koma með mótmæli.
  - Hildur Elín Vignir.** Var einnig í þessari Írlands ferð. Hún kom inn á það og lagði áherslu á að við myndum endurskoða þetta sjö þrepa kerfi og láta í okkur heyra ef við erum ekki sátt. Ramminn er nú þegar mjög framhaldsskólamiðaður og því vantar fullorðinsfræðslusýnina inn.
  - Fundarstjóri kom fram með þá tillögu að stjórn Kvasirs og Leiknar hittist sem fyrst og tækju á þessu máli. Fundurinn samþykkti þá tillögu.**
- e. **Erla Björg Guðmundsdóttir.** Ráðning starfsmanns í hlutastarf. Að ráða starfsmann í svona lítið hlutfall, þ.e. 10% starf, er mjög flókið. Það er erfitt að finna starfsmann sem er það vel að sér í öllum málum þannig að hann nýtist. Leggur því til að einhver innan stjórnar Leiknar fái þetta inn í sitt hlutfall og geti þá heldur úthýst ákveðnum verkefnum á aðra samstarfsmenn.
- Óli Halldórsson.** Tekur undir þetta með Erlu.
  - Guðmundína Sæmundsdóttir,** formaður Kvasirs. Hjá Kvasir er ákveðin fjárupphæð sem rennur til stofnunar formanns Kvasirs. Þar hefur bæði hún sem formaður unnið Kvasirs verkefni og eins aðrir starfsmenn hjá hennar Fræðslumiðstöð.
- f. **Iðunn Antonsdóttir.** Tekur undir þá umræðu sem hefur komið fram um þau vankvæði sem hafa komið í ljós varðandi ráðningu starfsmanns Leiknar. Óskar því eftir að þetta fari í annan farveg en upp var lagt með í upphafi.
- g. **Inga Dóra Halldórsdóttir.** Spurði út í skjal Stefnumótunar, var þetta lagt fram til umfjöllunar og samþykktar? Iðunn svaraði því að þetta var í raun til upplýsingar og umræðu. Skapa umræður um framtíðina og fá meira að heyra til að bæta við.

Ekki fleira rætt.

Iðunn þakkaði Ásmundi fyrir fundarstjórn, þakkað fyrir sig sem formaður, sleit fundinum og óskaði nýrri stjórn velfarnaðar sem og félagsmönnum öllum.

Fundi slitið kl. 15:10